

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 74/2000

frá 2. október 2000

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2000 frá 28. júní 2000⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/91/EB frá 23. nóvember 1999 um breytingu á tilskipun 90/128/EBE um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 52. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/128/EBE) í XII. kafla í II. viðauka við samninginn:

„- **399 L 0091:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/91/EB frá 23. nóvember 1999 (Stjtið. EB L 310, 4.12.2000, bls. 41).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 72 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 42, 21.9.2000, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 310, 4.12.2000, bls. 41.

2. gr.

Texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/91/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 2. október 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

G. S. Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.